

Fundur Epsilondeildar haldinn 1.3.2014.

Fundarstaður: Menntaskólinn að Laugarvatni – Veitingahúsið Lindin.

Fundarefni – Fróðleikur um ML.

14 konur mættu í Menntaskólann að Laugarvatni þar sem Halldór Páll skólameistari leiddu þær um ganga og stofur, fræddi þær um skólann, söguna og starfið. Þetta var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Við spurðum margs og fengum svör við flestu ef ekki öllu.

Að leiðsögn lokinni borðuðum við súpu á Veitingastaðnum Lindinni.

Þar var óformlegur fundur. Rósa fór yfir bréf Guðbjargar varðandi vorþingið sem haldið verður á Ísafirði nú í maí. Til stendur að fara með rútu og gista í Heydal hjá Stellu Guðmundsdóttur.

Einnig voru stjórnarskipti í Epsilondeildinni rædd. Uppstillingarnefnd er núverandi stjórn.

Happdrættið var á sínum stað.

Fleira ekki gert.

Ingibjörg Þ.Þ. ritaði fundargerð.